



Borgarráð

Samstarfssamningur við Miðborgina Reykjavík, félagasamtök

Lagt er til að borgarráð samþykki samstarfssamning við nýja miðborgarfélagið Miðborgina Reykjavík - félagasamtök og styrki félagið árlega um 10 milljónir króna árin 2024-2026 með fyrirvara um um gildandi fjárhagsáætlun á samningstíma. Kostnaður greiðist af kostnaðarstað 01296, miðborgarmál.

Greinargerð

Í maí 2023 var Miðborgin Reykjavík - markaðsfélag stofnað formlega af rekstraraðilum í miðborginni en undirbúningur hafði staðið yfir í nokkurn tíma. Tilgangur og markmið félagsins er að kynna miðborgina sem spennandi og skemmtilegan áfangastað.

Markmið samstarfssamnings Reykjavíkurborgar við Miðborgina Reykjavík er að efla samstarf, upplýsingagjöf og vinna að sameiginlegum markmiðum. Einnig að vinna sameiginlega að ýmsum málefnum eins og viðhafa reglubundið samráð um málefni miðborgarinnar og helstu verkefni.

Lagt er til að Reykjavíkurborg geri samning við Miðborgina Reykjavík til þriggja ára, 2024-2026. Árlegt fjárframlag Reykjavíkurborgar verður 10 m.kr. og tekið af kostnaðarstað miðborgarsjóðs 01296. Fjármagnið skal nýta til reksturs félagsins og helstu samstarfsverkefna í miðborginni samkvæmt nánari skilmálum. Félagið stuðlar að því að miðborgin sé áhugaverður og aðlaðandi dvalar- og áfangastaður fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila borgarinnar, landsmenn alla og erlenda gesti. Markmið er að efla verslun, þjónustu, mannlíf og menningu í miðborginni.

Miðborgin Reykjavík fær tengilið hjá Reykjavíkurborg sem er þeim innan handar og tryggir að gott samstarf sé um málefni miðborgarinnar. Tengiliður Reykjavíkurborgar hefur seturrétt sem áheyrnarfulltrúi á stjórnarfundum Miðborgarinnar Reykjavíkur.

Miðborgin Reykjavík fékk greiddan 10 milljóna kr. styrk úr Miðborgarsjóði árið 2023 sem var færður af kostnaðarstað miðborgarsjóðs 01296.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:
Drög að samningi við Miðborgina Reykjavík
Samþykktir Miðborgarinnar Reykjavík

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 og Miðborgin Reykjavík, félagasamt., kt. 610323-0490 gera með sér svofelldan

SAMSTARFSSAMNING

1. gr. Markmið og samstarf

Markmið samnings þessa er að efla samstarf milli Miðborgarinnar Reykjavíkur, félagasamt. (hér eftir nefnt Miðborgin Reykjavík) og Reykjavíkurborgar með markvissu samstarfi, öflugri upplýsingagjöf og vinna að sameiginlegum markmiðum.

Í samþykktum Miðborgarinnar Reykjavíkur er farið nánar yfir hver helstu verkefni og tilgangur félagsins er og mun Reykjavíkurborg koma að verkefnum eins og tilefni er til. Með samstarfssamningi þessum er tryggt að gott upplýsingaflæði sé milli stjórnar Miðborgarinnar og Reykjavíkurborgar um helstu málefni, s.s. hvað sé á döfinni, framtíðarsýn og markmið félagsins og að öflugt samstarf og reglubundið samráð sé um málefni miðborgarinnar og helstu verkefni.

2. gr. Skyldur samningsaðila, fjárhagsskuldbindingar og greiðslur

Reykjavíkurborg styrkir Miðborgina Reykjavík árlega um 10 milljónir króna á samningstímanum með fyrirvara um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hverju sinni. Fjármagnið skal nýta til reksturs félagsins og helstu samstarfsverkefni í miðborginni. Miðborgin Reykjavík stuðlar að því að miðborgin sé áhugaverður og aðlaðandi dvalar- og áfangastaður fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila borgarinnar, landsmenn alla og erlenda gesti. Markmið er að efla menningu, verslun, þjónustu og mannlíf í miðborginni.

Miðborgin Reykjavík leggur fram starfs- og fjárhagsáætlun og upplýsir Reykjavíkurborg reglubundið, í það minnsta á 6 mánaða fresti, hvernig fjármagn samkvæmt samstarfssamningi þessu hafi verið varið og hvaða árangur hafi náðst. Árangursmælikvarðar eru valdir í samráði við Reykjavíkurborg. Miðborgin Reykjavík skal leggja fram ársreikninga og ársskýrslu stjórnar hvers árs áður en til greiðslu styrks kemur.

Aðilar eru sammála um að starfa sameiginlega að málefnum miðborgarinnar og að halda öllum aðilum upplýstum. Miðborgin Reykjavík fær tengilið hjá Reykjavíkurborg sem er þeim innan handar og tryggir að gott samstarf sé um málefni miðborgarinnar. Starfsmaður félagsins Miðborgin Reykjavík er tengiliður Reykjavíkurborgar við félagið. Tengiliður Reykjavíkurborgar hefur seturrétt sem áheyrnarfulltrúi á stjórnarfundum Miðborgarinnar Reykjavíkur.

Skv. reglum Reykjavíkurborgar um styrki skulu þeir, sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg, skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar. Sérstaklega skal greint frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks, sbr. mannréttindastefnu Reykjavíkur. Skv. henni eru styrkir borgarinnar bundnir því skilyrði að unnið sé gegn mismunum og stuðlað að jafnrétti. Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar getur krafist viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli.

Miðborgin Reykjavík getur utan þessa samnings tekið að sér skilgreind verkefni fyrir Reykjavíkurborg og skal þá gerður sérstakur samningur um það.

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að leggja fram stuðningsframlag að andvirði 10.000.000 kr. hvert samningsár með fyrirvara um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hverju sinni. Framlag samstarfsaðila greiðist í upphafi árs, eigi síður en 15. febrúar, eða þegar ársreikningur og ársskýrsla félagsins liggur fyrir.

Greiðsla skal fara fram gegn framvísun reiknings. Reikningurinn skal stílaður á Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609. Nafn Miðborgarinnar Reykjavík, kennitala og heimilisfang skal einnig koma fram á reikningi sem skal vera með fyrirfram prentuðu númeri. Kostnaðarstaðurinn 01296 Miðborgarmál skal koma fram á reikningnum ásamt verkefnanúmerinu 09417. Reikningur sendist til Reykjavíkurborgar með rafrænum hætti.

3. gr. Ábyrgðaraðila og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa annast skrifstofa borgarstjóra og borgarritara (SBB) hjá Reykjavíkurborg. Tengiliðir SBB eru Jón Halldór Jónasson og Hulda Hallgrímsdóttir en Róbert Aron Magnússon f.h. Miðborgarinnar Reykjavík.

4. gr. Vanefndir, fyrirvarar og uppsögn

Miðborgin Reykjavík skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði samnings þessa og samningsgagna. Verði um vanefndir að ræða er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega.

Rísi mál vegna vanefnda samningsins þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

5. gr. Trúnaður

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Sama gildir um annað það sem aðilar verða áskynja um meðan á samstarfinu stendur eða það sem leynt skal fara samkvæmt lögum eða fyrirmælum Persónuverndar. Þagnarskyldan helst eftir samningslok.

6. gr. Framsal

Miðborginni Reykjavík er óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

7. gr. Gildistími, uppsögn og ágreiningur

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2026.

Um styrkveitingu fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki.

Samningurinn er uppsegjanlegur á gildistímanum af hálfu beggja samningsaðila með 6 mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðamót. Samningurinn er með fyrirvara um samþykki borgarráðs og gildandi fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á samningstíma.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samnings þessa skal reka ágreiningsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, _____. nóvember 2023

F. h. Reykjavíkurborgar

F. h. Miðborgarinnar Reykjavík, félagasamt.

Vottar